


Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk

skólaárið 2020-2021



Litla upplestrarkeppnin



Viðurkenning

hefur tekið þátt í
Litlu upplestrarkeppninni í 4. bekk
skólaárið 2020- 2021

Bestu þakkir fyrir þátttökuna!

Fyrir hönd Radda, samtaka um vandaðan upplestur og framsögn,

Ingibjörg Einarisdóttir

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk Skólaárið 2020-2021

Lokahátíð í apríl 2021

Uppröðun skiptir máli. Allir nemendur sitja/standa á móti gestum, raðað í fallegar raðir, fer eftir fjölda og húsnæði. Þarf að vera nokkuð gott rými svo lesarar njóti sín, séu ekki of nálægt áheyrendum. Gestir boðnir velkomnir, getur verið skólastjóri/kennari eða kynnir. Gera þarf grein fyrir Litlu upplestrarkeppninni sem nú er 11 ára og hófst í Hafnarfirði. Gott að geta um markmiðin og einkunnarorðin sem eru VIRÐING - VANDVIRKNI - ÁNÆGJA. Kynnir stýrir því hvernig nemendur kynna sig eða hann kynnir þá. Það þarf að vera vel æft og heyrast. Möguleiki að kynna höfunda í upphafi frekar en við hvert atriði.

Dagskrá

1. Tónlistaratriði (gæti verið söngur eða eitt lag spilað á hljóðfæri)
2. Hillur (Þórarinn Eldjárn)
3. Úr sögunni *Kötturinn með höttinn* (Höf: Dr. Seuss, þýð. Loftur Guðmundsson)
4. Málfarsmolinn, málshættir
5. Þulur. *Dýrapulan* og/eða *Köttur og mús*. Hér hefur kennarinn val. Hægt að láta lesa aðra þuluna eða báðar ef hópurinn er mjög stór. (Kristján Hreinsson)
6. Texti. *Á vellinum* (Þórður Helgason)
7. Dagarnir og mánuðurnir (Jóhannes úr Kötlum)
8. Málfarsmínútan, andheiti, hvað er nú það?
9. Gestalesari úr 7. bekk, fulltrúi skólans les ljóð. Hugsanlega varamaður úr Stóru upplestrarkeppninni sem haldin var í mars.
10. Kurteisi og/eða Vinátta (Kristján Hreinsson)
11. Tónlistaratriði
12. Texti. *Vitra krákan* (Úr dæmisögum Esóps)
13. Orð (Þórarinn Eldjárn)

HILLUR

Lesari 1

Hillurnar eru háar og lágar
hillurnar eru margar og fáar.
Hillurnar eru þykkar og þunnar
þær geta verið djúpar og grunnar.

Lesari 2

Við höfum svo margt í hillum
hlutunum upp þar stillum
á þær tyllum
alveg fyllum.

Lesari 3

Þar er í röðum
þar er í hlöðum
allt sem á þar heima
eða þarf að geyma
og margt sem mætti gleyma.

Lesari 4

Þar eru tæki og töskur
tennur og myndir og flöskur.
Þar eru kleinujárn, borvélar, brækur
og BÆKUR.

Lesarar 1-4 saman

Þær sitja eins og fuglar á syllu.
Sumar á rangri hillu.

KÖTTURINN MEÐ HÖTTINN

Lesari

Það rigndi og rigndi
og sá ekki sól.
Við sátum út við gluggann
sitt á hvorum stól.

Lesari

Hanna litla systir mín
horfði út og þagði.
„Bara við gætum gert eitthvað
til gamans“ lágt ég sagði.

Lesari

En grasið var regnvott,
og sá ekki sól.
Svo við horfðum bara út,
hvort af sínum stól.

Lesari

Og það eina, sem við gátum,
var að sitja eins og við sátum
Sátum. Sátum. Sátum.
Horfðum bara út
þótt ekkert væri að sjá ...

Lesari

Þá heyrðist eitthvert þrusk.
Og við hrukkum bæði í kút.

Lesari

Hvað okkur brá ...
Hvað var nú að tarna?
Dyrnar opnuðust.
Og þar sáum við köttinn.
Köttinn með höttinn.
Og kötturinn spurði?

Lesari (kötturinn)

„Því sitjið þið þarna?“
„Þó sjái ekki sól,
og blómin blotni í framan,
við látum það eiga sig
og leikum okkur saman.
„Ég kann svo marga leiki“,

Lesari

Malaði kötturinn með höttinn.

Lesari (kötturinn)

„Og erfiðustu listir
eru leikur fyrir köttinn.
Ekkert hefur mamma ykkar
að athuga við það,
þó við gerum sitt af hverju,
sem gaman er að.“

Lesari

Af mér og Hönnu systur minni
draup hvorki né datt.
Mamma var ekki heima,
það sagði hann satt.

Lesari

En fiskurinn okkar skvetti sér
og æpti:

Lesari (fiskurinn)

Út með köttinn!
Þið leikið ykkur ekki við
köttinn með höttinn.
Varið ykkur á honum,
ópokkanum þeim.
Það vildi ég að mamma ykkar
færi að koma heim.

MÁLFA RSMOLINN

Hugsanlegt að hver nemandi stigi fram og lesi einn málshátt eða tvo. Hægt að fækka eða fjölga málsháttunum, fer eftir stærð nemendahópsins.

1. Þegar kötturinn er úti leika mýsnar inni.
2. Sá vægir sem vitið hefur meira.
3. Margur er knár þótt hann sé smár.
4. Sá er vinur er í raun reynist.
5. Barnið vex en brókin ekki.
6. Það læra börnin sem fyrir þeim er haft.
7. Sjaldséðir eru hvítir hrafnar.
8. Allt er vænt sem vel er grænt.
9. Maður er manns gaman.
10. Oft er logn á undan stormi.
11. Góð íþrótt er gulli betri.
12. Margar hendur vinna létt verk.
13. Illur á sér ills von.
14. Oft kemur góður þá getið er.
15. Best er illu af lokið.
16. Margt er það sem í þokunni býr.
17. Öllu gamni fylgir nokkur alvara.
18. Aldrei verður á allt kosið.
19. Blindur er bóklaus maður.
20. Allir hafa börn verið.
21. Bók er best vina.
22. Tímarnir breytast og mennirnir með.
23. Fjarlægðin gerir fjöllin blá og mennina mikla.
24. Hverjum þykir sinn fugl fagur.
25. Sælla er að gefa en þiggja.

ÞULA UM KÖTT OG MÚS

(Vel má hugsa sér að skipta hverju erindi á milli tveggja lesara. Eins geta tveir eða fleiri lesið í kór hvert erindi. Þá má hæglega sleppa nokkrum erindum án þess að það dragi úr gildi þulunnar ef það þykir henta hópnum betur.)

Lesari

Ég segi ykkur sögu fús
og sagan er um kött og mús
sem þráðu bara koss og knús
og kærleika í næði,
þau vildu bara finna frið
og fá að veita öðrum lið
þau vildu ganga hlið við hlið
með hamingjunni bæði.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

2.

Svo ólíkt margt þau gátu gert
sem gjarnan sagt er mikils vert
því vandi finnst við fótmál hvert,
þá færni þarf að beita.
Hinn stóri köttur komst á sprett,
en kná var músin, mjó og nett,
þau saman gerðu lífið létt,
því ljúft var hjálp að veita.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

3.

Í langa ferð er lagt af stað,
þau leyndarmálum komast að
ef annað hefur heyrt um það
sem hitt vill fá að vita.
Um lítið op á kökukrús
víst komist getur smágerð mús

Lesefni

Litla upplestrarkeppnin 2021

Ingibjörg Einarsdóttir

og kettinum hún færir fús
einn finan kökubita.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

4.

Þau fóru tvö um langa leið.
Í leyni stundum hætta beið
þó komust þau hjá þraut og neyð
ef þétt þau stóðu saman.
Í ævintýrum alla tíð
og ávallt laus við þras og stríð
en leystu þrautir þæg og blíð
því það var meira gaman.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

5.

Þau sáu vaxa vorsins blóm
og víst þau heyrðu fagran óm
og fuglasöngsins hreina hljóm
á heitum sumardeggi.
Þau fóru upp á fjallsins tind
og fundu haustsins tæru lind
og vetur kom með kaldan vind
um kvöld á lífsins vegi.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

6.

Þau litu hjartan lífsins dag
og létu hljóma gleðibrag
og saman tvö við sólarlag
þau sælu máttu lofa.
Þau sáu daga svífa hjá

og sáu kvöldin dimm og grá.
Ef fögur nóttin fór á stjá
þá fengu þau að sofa.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

7.

Þau brugðu sér í berjamó
og busluðu í köldum sjó,
þau dönsuðu í djúpum snjó
og draumar þeirra rættust.
Þau fengu oft að finna til,
þau fóru gegnum hríðarbyl.
Svo skynjuðu þau ást og yl
ef augu þeirra mættust.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

8.

Hvort sannleikskorn mín saga á
því síst ég þarf að greina frá
en hlustandinn það heyra má
sem heillavænlegt reynist.
Og kannski er hún ævintýr,
einlæg frásögn, hrein og skýr
um heiminn þar sem birtan býr
og boðskapurinn leynist.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

9.

Já, mörg er lífsins brekka brött
og býsna margt er út í hött
og músin sem vill knúsa kött
er kannski talin galin,
hún fordómana forðast kann,
hún fallegasta vininn fann

og er svo glöð að eiga hann
sem yl í hjarta falinn.

Allir

Já, kötturinn er ekki eins og hinir
og auðvitað hann játar þetta fús,
því það er alltaf best að vera vinur
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

DÝRAÞULA

Lesari Hér færi ég um víðan völl
og varla myndi drolla
og æddi jafnvel upp um fjöll
ef ég væri rolla.

Lesari Í sauðahópnum sæi mig
sérhver labbakútur
því oft ég færi á efsta stig
ef ég væri hrútur.

Allir Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.

Lesari Ég hentist yfir hagann fljótt
og hlypi yfir síkin,
ég eflaust væri eftirsótt
ef ég væri tíkin.

Lesari Ég myndi smala heilli hjörð
og helst ei stía sundur
og hlypi upp um ótal börð
ef ég væri hundur.

Allir Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.

- Lesari Úr fjósi mínu færi ég
ef fengi ég að velja
og oft ég hlypi út á veg
ef ég væri belja.
- Lesari Með hornin ávallt upp í loft
eins og trylltur ruddi
ég myndi baula æði oft
ef ég væri tuddi.
- Allir** Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.
- Lesari Ég gæti malað, mjálmað hátt
og myndi engan hræða
ég yrði sjálfsagt alltaf sátt
ef ég væri læða.
- Lesari Ég myndi klifra upp í eik
eins og Hrói höttur
og ætti kraft í allan leik
ef ég væri köttur.
- Allir** Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.
- Lesari Ég myndi vappa vítt og breitt
um völlinn iðjagræna
og æti korn mitt yfirleitt
ef ég væri hæna.
- Lesari Mitt prik ég glaður gæti átt
og garg mitt yrði vani,
ég gala yrði afar hátt
ef ég væri hani.
- Allir** Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.

Lesari Ég myndi vera mild og góð
og myndi engan skamma,
ég eflaust myndi yrkja ljóð
ef ég væri mamma.

Lesari Ég hugsa myndi hér um dýr
og hætta öllu kvabbi
ég segði ykkur ævintýr
ef ég væri pabbi.

Allir Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.

Á VELLINUM

Lesari

Valur er að verða sjö ára. Valur heitir Valur í höfuðið á Valgerði ömmu sinni, ömmu Völu. Hann á heima skammt frá Valsvellinum í Reykjavík og hann fer oft á völlinn.

Lesari

Amma Vala er vön að fara með honum. Hún á hund sem heitir Sámur. Sámur er besti vinur ömmu. Hann fer venjulega á völlinn með Val og ömmu.

Lesari

Nú átti 5. flokkur Vals að keppa við Víking á Valsvellinum. Valur og amma Vala fóru til að fylgjast með. Sámur fylgdi vitaskuld með.

Lesari

Við innganginn var amma vöruð við að taka Sám inn á völlinn. Hún sagði öllum að Sámur væri vitrasti hundurinn í víðri veröld og enginn vandi að gæta hans.

Lesari

Valur var greinilega betra liðið. Von bráðar var staðan 1–0 fyrir Val. Viðar var besti maður Víkings. Vörn Vals mátti hafa sig alla við til að verjast honum. Allt í einu tókst Viðari að slíta sig lausan frá varnarmönnum Vals. Nú var voðinn vís.

Lesari

Stuðningsmenn Víkings kölluðu: Áfram Viðar, áfram Viðar! Einn varnarmanna Vals braut á Viðari alveg við vítateiginn. Dómarinn dæmdi víti. Amma Vala þóttist vita betur.

Lesari

Þetta var ekkert víti, kallaði hún viti sínu fjær. Sámur vældi og skrækta af spenningi. Viðar ætlaði að taka vítaspyrnuna sjálfur.

Lesari

Skyndilega sá Valur ömmu Völu vinda sér inn á völlinn með Sámi á hælunum. Viðar skaut föstu skoti eins og hann var vanur. En markvörðurinn þurfti ekki að verja. Boltinn skall á vanga ömmu sem féll við. Boltinn valt út af vellinum. Sámur hafði náð taki á buxum markvarðarins.

Lesari

Allt varð vitlaust á vellinum. Dómarinn vísaði ömmu Völu og Sámi af vellinum með rauðu spjaldi. Á leiðinni heim sagði amma við Val: Við skulum ekkert vera að tala um þetta heima, Valur minn.

Lesari

Daginn eftir kemur frétt í Fréttablaðinu með þremur myndum. Á fyrstu myndinni sést hvar amma Vala ver vítaspyrnuna. Á næstu mynd hangir Sámur í buxum markvarðarins. Á þriðju mynd má sjá hvar ömmu Völu og Sámi er vísað af velli.

Lesari

Mamma og pabbi veina af hlátri og Sámur er líka óvenju montinn, rétt eins og hann viti að hann er allra hunda vitrastur.

DAGARNIR OG MÁNUÐIRNIR

Lesari

Sunnudagur sagði:
Þorið þið að mæta mér?
Mánudagur flýtti sér.
Þriðjudagur þagði.

Lesari

Miðvikudagur fór svo flatt
að fimmtudagur um hann datt.
En föstudagur hljóp svo hratt
að hendur á hann lagði,
laugardagur, byrstur mjög í bragði.

Allir

En þá var vikan liðin
og kyssti litlu börnin
sem lásu og voru iðin.
Þetta er alveg satt.

Lesari

Svo kemur næsta vika,
þá gengur það nú glatt.
Ég er fæddur í janúar
Þú ert fædd í febrúar.
Mamma er fædd í mars.
Maja er fædd í apríl.

Lesari

Mundi er fæddur í maí.
Magga er fædd í júní.
Jói er fæddur í júlí.
Júlla er fædd í ágúst.

Lesari

Siggi er fæddur í september.
Svafa er fædd í október.
Nonni er fæddur í nóvember.
Nanna er fædd í desember.

Lesefni

Litla upplestrarkeppnin 2021
Ingibjörg Einarsdóttir

Allir

Nú geta börnin bjargað sér
sem betur fer
og lesið hverja línu hér.
Ég læt nú ekki standa á mér.

ANDHEITI (Tveir, eða fleiri lesarar stíga fram)

Lesari 1 (eða fleiri)

dagur
sumar
ljós
hvítur
gleði
kuldi
suður
morgunn
rok
líf
stór
vestur
hlæja
svangur
langur
bjartur
skítugur
blautt
vor

Lesari 2 (eða fleiri)

nótt
vetur
myrkur
svartur
sorg
hiti
norður
kvöld
logn
dauði
lítill
austur
gráta
saddur
stuttur
dimmur
hreinn
þurt
haust

VITRA KRÁKAN

Lesari

Einu sinni var kráka sem hafði ekki fengið neitt að drekka í langan tíma. Það höfðu verið þurrkar í margar vikur og öll vatnsbólín sem hún var vön að nota voru þornuð upp fyrir löngu.

Lesari

Hún var búin að fljúga lengi, lengi þegar hún loks kom auga á vatnskönnu. Þar ber vel í veiði, hugsaði hún og sveif niður að henni og ætlaði að stinga hausnum ofan í. En hvað var nú þetta?

Lesari

Stúturinn var of mjór til að hún kæmist með gogginn niður í vatnið enda var ekki mikið vatn í könnunni. Nú voru góð ráð dýr. Hvað átti hún að taka til bragðs?

Lesari

Hún byrjaði á því að reyna að velta könnunni á hliðina en ekki dugði það. Síðan ákvað hún að reyna að brjóta hana með hörðum goggi sínum en allt kom fyrir ekki. Nú var úr vöndu að ráða.

Lesari

Þá kom henni snjallt ráð í hug. Hún tindi með gogginum fjöldann allan af litlum steinum sem hún lét falla ofan í könnuna. Smátt og smátt sér hún vatnsyfirborðið lyftast og á endanum var það orðið nógu hátt til að hún gæti svalað þorsta sínum. Já, það á ekki að gefast upp þótt á móti blási.

(Úr dæmisögum Esóps)

KURTEISI

Lesari	1	Ef er ég í einhverjum vafa
	2	og erfið mér kurteisinn finnst
	1	þá vil ég í hávegum hafa
	2	þá hugsun sem kostar mig minnst.
	3	Ég sé það ef hógværð ég safna
	4	að samviskan er ekki blind
	3	og hugsun mín hlýtur að dafna
	4	í háttvísri birtingarmynd.
Lesarar 1-4 eða allir		Þótt fjöldanum finnst það skrytið, þá frábært ég jafnan það tel, að kurteisi kostar svo lítið en kemur sér alstaðar vel.

VINÁTTA

Lesari 1	Vinur þér með visku kann að veita tryggð og festu, gæska þín skal gleðja hann og gjafir þínar bestu.
Lesari 2	Í vindi er þinn vinur skjól og von á slæmum degi, í kulda er hann eins og sól með yl á þínum vegi
Lesarar 1 og 2	Vinur kann að sýna sátt, hann sorgir læknað getur. Þú veist að þegar vin þú átt þá virkar lífið betur.

ORÐ

Tveir lesarar:	Orð í eyrum orð á vörum sem við svörum sem við heyrum sem við segjum sem við beygjum.
(bætist við einn lesari)	Orð sem við þyljum orð sem við skiljum.
(einn bætist við eða fleiri)	Orð í breiðum uppi á heiðum. Orð á rangli stök á stangli.
(fleiri bætast við)	Orð í borgum orð á torgum Orð sem við orgum orð í sorgum
(fleiri bætast við)	Orðahlátur orðagrátur. Orðagátur orðaslátur.
(fleiri bætast við)	Orð sem arga orð að garga orð sem bjarga. Orð sem þvarga orð að farga.
(allur hópurinn)	Orð í straumi Orð í flaumi. Orð í laumi Orð í draumi.
(lesið sterkt)	Orð í orði Orð á borði. Orð af orði

ORÐAFORÐI